

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Candizol 50 mg, 100 mg, 150 mg og 200 mg hörð hylki (flúkónazól)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Candizol og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Candizol
3. Hvernig nota á Candizol
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Candizol
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Candizol og við hverju það er notað

Candizol tilheyrir flokki lyfja sem kallast „sveppalyf“. Virka efnið er flúkónazól.

Candizol er notað til að meðhöndla sýkingar af völdum sveppa og einnig er hægt að nota það til að koma í veg fyrir að þú fái candidasýkingu. Gersveppurinn *Candida* er algengasta orsök sveppasýkinga.

Fullorðnir

Læknirinn gæti hafa ávísað þessu lyfi til að meðhöndla eftirfarandi sveppasýkingar:

- Heilahimnubólgu af völdum sætummyglu (cryptococcal meningitis) – sveppasýking í heila.
- Þekjummyglu (coccidiomycosis) – sjúkdómur í lungum.
- Sýkingar af völdum *Candida* sem finnast í blóði, líffærum (t.d. hjarta, lungum) eða þvagrás.
- Þrusku – sýking í slímhúðinni sem þekur munninn og kokið að innan og sár/eymsli eftir gervitennur.
- Sveppasýkingu í leggöngum eða á getnaðarlim.
- Sveppasýkingu í húð – t.d. fótisvepp (athlete's foot), búksvepp (ringworm), klofsvepp (jock itch), naglsvepp.

Þú gætir einnig hafa fengið Candizol til að:

- Koma í veg fyrir að heilahimnubólga af völdum sætummyglu taki sig upp aftur.
- Koma í veg fyrir að sveppasýking í slímhúðum taki sig upp aftur.
- Minnka líkur á endurkomu sveppasýkingar í leggöngum.
- Koma í veg fyrir að þú fái sýkingu af völdum *Candida* (ef ónæmiskerfið þitt er veiklað og starfar ekki eðlilega).

Börn og unglingar (0 til 17 ára)

Læknirinn gæti hafa ávísað þessu lyfi til að meðhöndla eftirfarandi sveppasýkingar:

- Þrusku– sýking í slímhúðinni sem þekur munninn og kokið að innan.
- Sýkingar af völdum *Candida* sem finnast í blóði, líffærum (t.d. hjarta, lungum) eða þvagrás.
- Heilahimnubólgu af völdum sætummyglu (cryptococcal meningitis) – sveppasýking í heila.

Þú gætir einnig hafa fengið Candizol til að:

- Koma í veg fyrir að þú fái sýkingu af völdum *Candida* (ef ónæmiskerfið þitt er veiklað og starfar ekki eðlilega).
- Koma í veg fyrir að heilahimnubólga af völdum sætumyglu taki sig upp aftur.

2. Áður en byrjað er að nota Candizol

Verið getur að lækningin hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

EKKI má nota Candizol:

- Ef þú ert með ofnæmi fyrir flúkónazóli, öðrum lyfjum sem þú hefur tekið við sveppasýkingum eða einhverjum öðrum innihaldsefnum lyfsins (talin upp í kafla 6). Einkenni gætu m.a. verið kláði, roði í húð eða öndunarerfiðleikar.
- Ef þú notar astemizól eða terfenadín (andhistamínlyf við ofnæmi).
- Ef þú notar cisapríð (lyf við óþægindum í maga).
- Ef þú notar pímozíð (lyf við geðsjúkdómum).
- Ef þú notar kínidín (lyf við hjartsláttartruflunum).
- Ef þú notar erýtrómýsín (sýklalyf).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningunni eða lyfjafræðingi áður en Candizol er notað

- Ef þú ert með lifrar- eða nýrnakvilla.
- Ef þú ert með hjartasjúkdóm, þar með talið hjartsláttartruflanir.
- Ef þú ert með óeðlileg gildi kalíums, kalsíums eða magnesíums í blóði.
- Ef þú færð alvarleg húðviðbrögð (kláða, roða í húð eða öndunarerfiðleika).
- Ef þú færð teikn um „skerta starfsemi nýrnahettna“, þegar nýrnahettunarnar framleiða ekki nægilegt magn af ákveðnum sterahormónum eins og kortisóli (þrálát eða langvarandi þreyta, vöðvaslappleiki, minnkuð matarlyst, þyngdartap, kviðverkur).
- Ef þú hefur einhvern tímann fengið mikil húðútbrot eða húðflögnun, blöðrumyndun og/eða munnsár eftir notkun flúkónazóls.

Tilkynnt hefur verið um alvarleg húðviðbrögð, þar með talin lyfjaviðbrögð með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS) í tengslum við meðferð með flúkónazóli. Þú skalt hætta notkun Candizol strax og leita lækni aðstoðar ef þú tekur eftir einhverjum þeim einkennum sem tengjast þessum alvarlegu húðviðbrögðum sem er lýst í kafla 4.

Ráðfærðu þig við lækningunni eða lyfjafræðing ef sveppasýkingin batnar ekki vegna þess að nauðsynlegt getur verið að nota önnur sveppalyf.

Notkun annarra lyfja samhliða Candizol

Látið lækningunni eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Láttu lækningunni **strax** vita ef þú notar astemizól, terfenadín (andhistamínlyf við ofnæmi), cisapríð (lyf við óþægindum í maga), pímozíð (lyf við geðsjúkdómum), kínidín (lyf við hjartsláttartruflunum) eða erýtrómýsín (sýklalyf), þar sem ekki má nota þessi lyf ásamt flúkónazóli (sjá kaflann: „Ekki má nota Candizol“).

Sum lyf geta haft áhrif á verkun flúkónazóls. Gættu þess að lækningunni viti af því ef þú notar eitthvert eftirtalinna lyfja þar sem skammtaáðlögun eða eftirlit gæti þurft til að ganga úr skugga um að lyfin hafi tilætluð áhrif:

- rífampísín eða rífabútín (sýklalyf)
- abrocítínib (til meðferðar við ofnæmishúðbólgu, einning þekkt sem ofnæmisexem)
- alfentaníl, fentanýl (við verkjum)
- amitriptylín, nortriptylín (þunglyndislyf)
- amfóterícín B, vorikónazól (sveppalyf)
- lyf sem þynna blóðið til að fyrirbyggja blóðtappa (warfarín og svipuð lyf)

- benzodíazepín (mídazolám, tríazolám eða svipuð lyf), lyf sem hjálpa til við svefn og kvíða
- karbamazepín, fenýtóín (flogaveikilyf)
- nifedipín, isradipín, amlódipín, verapamíl, felódipín og lósartan (við háþrýstingi - háum blóðþrýstingi)
- olaparíb (til meðferðar við krabbameini í eggjastokkum)
- ciklósporín, everólímus, sírólímus eða takrólímus (til að koma í veg fyrir höfnun ígrædds líffæris)
- cýclófosfamíð, vinca alkalóíðar (vincristín, vinblastín eða svipuð lyf), sem eru notuð við krabbameini
- halófantrín (malaríulyf)
- statín (atorvastatín, simvastatín og flúvastatín eða svipuð lyf) til að lækka of há gildi kólesteróls í blóði
- metadón (verkjalyf)
- celecoxíb, flúrbíprófen, naproxen, íbúprófen, lornoxicam, meloxicam, díklófenak (bólgueyðandi lyf sem ekki eru sterar (NSAID lyf))
- getnaðarvarnarlyf til inntöku
- prednisón (steralyf)
- zídóvúdín, einnig þekkt sem AZT; saquinavír (notað hjá einstaklingum með HIV-sýkingu)
- lyf við sykursýki eins og klórprópamíð, glíbenklamíð, glípízíð eða tolbutamíð
- þeófillín (astmalyf)
- tofacitinib (til meðferðar við liðagigt)
- tolvaptan (notað til meðferðar við blóðnatríumlækkun (lág gildi natríums í blóði) eða til að hægja á þróun skertrar nýrnastarfsemi)
- A-vítamín (fæðubótarefni)
- ivacaftor (eitt og sér eða ásamt öðrum lyfjum til að meðhöndla slímseigjusjúkdóm (cystic fibrosis))
- amíóðarón (til meðferðar á óreglulegum hjartslætti, „hjartsláttartruflunum“)
- hýdróklórtíazíð (þvagræsilyf)
- íbrutinib (til meðferðar við krabbameini í blóði)
- lúrasídón (til meðferðar við geðklofa)

Notkun Candizol með mat eða drykk

Lyfið má taka með eða án matar.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ef þú ráðgerir að verða þunguð er mælt með því að bíða í eina viku eftir stakan skammt af flúkónasóli áður en þú verður þunguð.

Í lengri meðferðarlotum með flúkónasóli skaltu ráðfæra þig við lækinn um þörfina á viðeigandi getnaðarvörn meðan á meðferð stendur, sem á að halda áfram í eina viku eftir síðasta skammt.

Þú átt ekki að nota Candizol ef þú ert þunguð, grunar að þú sért þunguð, ef þungun er fyrirhuguð eða þú ert með barn á brjósti nema lækinn mæli svo fyrir. Ef þú verður þunguð á meðan þú tekur þetta lyf eða innan 1 viku frá síðasta skammti skaltu hafa samband við lækni.

Flúkónazól sem er tekið á fyrsta eða öðrum þriðjungi meðgöngu getur aukið hættuna á fósturláti. Flúkónazól sem er tekið á fyrsta þriðjungi meðgöngu getur aukið hættuna á því að barnið fæðist með fæðingargalla í hjarta, beinum og/eða vöðvum.

Tilkynnt hefur verið um börn sem fæddust með fæðingargalla á höfuðkúpu, eyrum og beinum í læri og olnboga hjá konum sem fengu meðferð í þrjá mánuði eða lengur með stórum skömmtum (400-800 mg á dag) af flúkónasóli við þekjumyglu (coccidiodomycosis). Tengslin milli flúkónasóls og þessara tilvika eru óljós.

Þú mátt halda brjóstagjöf áfram eftir að hafa tekið einn stakan 150 mg skammt af Candizol. Þú átt ekki að hafa barn á brjósti ef þú notar endurtekna skammta af Candizol.

Akstur og notkun véla

Við akstur og notkun véla verður að hafa í huga að einstaka sinnum getur lyfið valdið sundli eða krömpum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Candizol inniheldur laktósa og natríum

Laktósi: Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

Natríum: Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverju hylki, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Candizol 200 mg hylki innihalda einnig azórúbín (E122)

Það getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

3. Hvernig nota á Candizol

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Gleypið hylkið heilt með glasi af vatni. Best er að taka lyfið á sama tíma á hverjum degi.

Hylkin má taka með eða án matar.

Venjulegir skammtar til að meðhöndla mismunandi sýkingar eru sýndir hér á eftir:

Fullorðnir

Sýking	Skammtur
Heilahimnubólga af völdum sætummyglu (cryptococcus meningitis)	400 mg á fyrsta degi, síðan 200 mg til 400 mg einu sinni á dag í 6 til 8 vikur eða lengur ef þörf krefur. Stundum eru skammtar auknir í allt að 800 mg
Til að koma í veg fyrir endurkomu heilahimnubólgu af völdum sætummyglu	200 mg einu sinni á dag þar til þér er sagt að hætta
Þekjummygla	200 mg til 400 mg einu sinni á dag í 11 mánuði til allt að 24 mánuði eða lengur ef þörf krefur. Stundum eru skammtar auknir í allt að 800 mg
Innri sveppasýkingar af völdum <i>Candida</i>	800 mg á fyrsta degi, síðan 400 mg einu sinni á dag þar til þér er sagt að hætta
Sýking í slímhúðinni sem þekur munninn og kokið að innan og sár/eymsli eftir gervitennur	200 mg til 400 mg á fyrsta degi, síðan 100 mg til 200 mg einu sinni á dag þar til þér er sagt að hætta
Sveppasýking í slímhúð – skammtur fer eftir staðsetningu sýkingar	50 mg til 400 mg einu sinni á dag í 7 til 30 daga þar til þér er sagt að hætta
Til að koma í veg fyrir endurkomu sýkingar í slímhúðinni sem þekur munninn og kokið að innan	100 mg til 200 mg einu sinni á dag, eða 200 mg þrisvar í viku á meðan þú ert í hættu á að fá sýkingu
Sveppasýking á kynfærum	150 mg stakur skammtur
Til að draga úr endurkomu sveppasýkinga í	150 mg þriðja hvern dag, samtals þrjár skammtar

leggöngum	(1., 4. og 7. dagur) og síðan einu sinni í viku í 6 mánuði á meðan þú ert í hættu á að fá sýkingu
Sveppasýkingar í húð og nöglum	Fer eftir sýkingarstað; 50 mg einu sinni á dag, 150 mg einu sinni í viku, 300 mg til 400 mg einu sinni í viku í 1 til 4 vikur (meðhöndlun fótssvepps getur tekið allt að 6 vikur, meðhöndlun sýkingar í nöglum þarf að halda áfram þar til ný nögl hefur vaxið fram)
Til að koma í veg fyrir sýkingu af völdum <i>Candida</i> (ef ónæmiskerfi þitt er veiklað og starfar ekki eðlilega)	200 mg til 400 mg einu sinni á dag á meðan þú ert í hættu á að fá sýkingu

Notkun handa börnum og unglungum

Unglingar frá 12 til 17 ára

Fylgið notkunarfrögmælum læknis (skammtur annaðhvort eins og fyrir fullorðna eða eins og fyrir börn).

Börn að 11 ára aldri

Hámarksskammtur fyrir börn er 400 mg á dag.

Skammturinn miðast við þyngd barnsins í kílógrömmum.

Sýking	Skammtur
Sveppasýking í slímhúð og koki af völdum <i>Candida</i> – skammtur og meðferðarlengd fer eftir alvarleika og staðsetningu sýkingar	3 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar einu sinni á dag (gefa má 6 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar á fyrsta degi)
Heilahimnubólga af völdum sætumyglu (<i>Cryptococcus</i>) eða innri sveppasýkingar af völdum <i>Candida</i>	6 mg til 12 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar einu sinni á dag
Til að koma í veg fyrir endurkomu heilahimnubólgu sýkingar af völdum sætumyglu (<i>Cryptococcus</i>)	6 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar einu sinni á dag
Til að koma í veg fyrir sýkingar af völdum <i>Candida</i> hjá börnum (ef ónæmiskerfi þeirra er veiklað og starfar ekki eðlilega)	3 mg til 12 mg fyrir hvert kg líkamsþyngdar einu sinni á dag

Notkun hjá börnum 0 til 4 vikna

Notkun hjá börnum á aldrinum 3 til 4 vikna:

Sami skammtur og sýndur er hér að framan, en gefinn annan hvern dag. Hámarksskammtur er 12 mg á hvert kg líkamsþyngdar á hverjum 48 klst.

Notkun hjá börnum yngri en 2 vikna:

Sami skammtur og sýndur er hér að framan, en gefinn þriðja hvern dag. Hámarksskammtur er 12 mg á hvert kg líkamsþyngdar á hverjum 72 klst.

Læknar ávísa stundum öðrum skömmtum en hér eru sýndir. Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss skaltu spyrja lækinn eða lyfjafræðing.

Aldraðir

Gefa á venjulegan skammt fyrir fullorðna nema um nýrnavandamál sé að ræða.

Sjúklingar með nýrnavandamál

Læknirinn gæti breytt skammtinum með tilliti til nýrnastarfsemi þinnar.

Ef tekinn er stærri skammtur af Candizol en mælt er fyrir um

Ef of mörg hylki eru tekin í einu getur það valdið vanlíðan. Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Einkenni hugsanlegrar ofskömmtnar geta verið að sjá, heyra eða skynja eitthvað sem ekki er raunverulegt og ranghugmyndir (ofskynjanir og ofsóknarkennd hegðun). Nægilegt getur verið að veita meðferð með tilliti til einkenna (stuðningsmeðferð og magaskolun ef þörf krefur).

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekin inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Candizol

EKKI á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Ef þú gleymir að taka skammt skaltu taka hann um leið og það uppgötvast nema komið sé að næsta skammti, þá skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Þú skalt hætta notkun Candizol tafarlaust og leita læknisaðstoðar ef þú tekur eftir einhverjum af eftirtöldum einkennum:

- Útbreidd útbrot, hár líkamshiti og stækkaðir eitlar (DRESS heilkenni eða heilkenni lyfjaofnæmis).

Fáeinir einstaklingar fá **ofnæmisviðbrögð** en alvarleg ofnæmisviðbrögð eru þó sjaldgæf. **Láttu lækninn strax vita** ef þú færð eitthvert eftirtalinna einkenna.

- Skyndilegt hvæsandi öndunarhljóð, öndunarerfiðleika eða þyngsli fyrir brjósti
- Bólgu á augnlokum, í andliti eða á vörum
- Kláða um allan líkamann, roða í húð eða rauða flekki með kláða
- Húðútbrot
- Alvarleg húðviðbrögð, eins og útbrot sem valda blöðrum (geta komið fyrir í munn og á tungu).

Flúkónazól getur haft áhrif á lifur. Einkenni lifrarávandamála eru:

- Þreyta
- Lystarleysi
- Uppköst
- Gulur litur á húð eða í hvítu augna (gula)

Ef eitthvert þessara einkenna kemur fram, hættu að nota flúkónazólhylki og **hafðu strax samband við lækninn**.

Aðrar aukaverkanir:

Látið lækninn eða lyfjafræðing einnig vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp hér á eftir reynast alvarlegar.

Algengar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá allt að 1 til 10 af hverjum 100 einstaklingum eru taldar upp að neðan:

- Höfuðverkur
- Útbrot
- Óþægindi í maga, niðurgangur, ógleði, uppköst
- Hækkun gildi á lifrarprófum.

Sjaldgæfar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá allt að 1 til 10 af hverjum 1.000 einstaklingum eru taldar upp að neðan:

- Fækkun á rauðum blóðfrumum, sem veldur föllum húðlit, máttleysi eða mæði
- Minnkuð matarlyst
- Svefnleysi, syfja
- Krampar, sundl, svimi, stingandi tilfinning, náladofi eða doði, breyting á bragðskyni
- Hægðatregða, meltingartruflanir, vindgangur, munnþurrkur
- Vöðvaverkir
- Lifrarskemmd og gulur litur á húð og augum (gula)
- Rauðkláðapot (wheals), blóðrumyndun (ofsakláði), kláði, aukin svitamyndun
- Preyta, almenn vanlíðan, hiti

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá allt að 1 til 10 af hverjum 10.000 einstaklingum eru taldar upp að neðan:

- Fækkun á hvítum blóðfrumum sem hjálpa til við að verjast sýkingum, og blóðfrumum sem hjálpa til við að stöðva blæðingu
- Rauður eða fjólublár húðlitur, sem getur verið vegna þess að blóðflögur eru of fáar, aðrar breytingar á blóðfrumum
- Breytingar á blóði (há blóðgildi kólesteróls og fituefna)
- Lágkálíumgildi í blóði
- Skjálfti
- Óeðlilegt hjartalínurit, breyting á hjartsláttartíðni eða takti
- Lifrabilun
- Ofnæmisviðbrögð (stundum alvarleg), þ.m.t. útbreidd blöðruútbrot og húðflögnun, alvarleg húðviðbrögð, þroti í vörum eða andliti
- Hárlos

Tíðni ekki þekkt, en getur komið fyrir (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

- Ofnæmisviðbrögð ásamt húðútbrotum, hiti, bólgur kirtlar, fjölgun ákveðinnar gerðar af hvítum blóðfrumum (fjölgun rauðkyrninga), bólgur í innri líffærum (lifur, lungum, hjarta, nýrum og ristli) (viðbrögð eða útbrot af völdum lyfja ásamt fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS)).

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Candizol

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 30°C. Ekki má flytja hylkin yfir í annað ílát.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni á eftir EXP.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Candizol inniheldur

- Virka innihaldsefnið er flúkónazól 50 mg, 100 mg, 150 mg og 200 mg.

- Önnur innihaldsefni eru laktósaeinhýdrat, maísterkja, vatnsfrí kísilkvoða, natríumlárylsúlfat og magnesíumsterat. Hylkisskelin inniheldur gelatín og eftirfarandi liti:
 - 50 mg, 100 mg og 150 mg hylki: títantvíoxíð (E171) og skærblár (E133)
 - 200 mg hylki: títantvíoxíð (E171), azórúbín (E122) og skærblár (E133)

Lýsing á útliti Candizol og pakkningastærðir

Candizol 50 mg hörð hylki eru ómerkt gelatínhylki, um það bil 14 mm, með ljósbláu ógegnsæju loki og hvítum ógegnsæjum botni. 50 mg hörð hylki eru fáanleg í þynnupakkningum með 1, 7, 10, 14, 20, 28, 30, 50, 100 eða 500 hylkjum.

Candizol 100 mg hörð hylki eru ómerkt gelatínhylki, um það bil 18 mm, með bláu ógegnsæju loki og hvítum ógegnsæjum botni. 100 mg hörð hylki eru fáanleg í þynnupakkningum með 7, 10, 14, 16, 20, 28, 30, 50 (1 x 50), 60 eða 100 hylkjum.

Candizol 150 mg hörð hylki eru ómerkt gelatínhylki, um það bil 19 mm með ljósbláu ógegnsæju loki og ljósbláum ógegnsæjum botni. 150 mg hörð hylki eru fáanleg í þynnupakkningum með 1, 2, 4, 6, 7 eða 12 hylkjum.

Candizol 200 mg hörð hylki eru ómerkt gelatínhylki, um það bil 22 mm, með fjólubláu ógegnsæju loki og hvítum ógegnsæjum botni. 200 mg hörð hylki eru fáanleg í þynnupakkningum með 1, 2, 4, 7, 10, 12, 14, 20, 30, 50 eða 100 hylkjum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Teva B.V.
Swensweg 5
2031 GA Haarlem
Holland

Framleiðandi

Pharmachemie B.V.
Swensweg 5
2031 GA Haarlem
Holland

Teva Pharmaceutical Works Ltd
Pallagi Ut 13
4042 Debrecen
Ungverjaland

Umboð á Íslandi

Teva Pharma Iceland ehf.
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í maí 2024.